

75
10. okt.

Reglur

fyrir

nemendur hins almenna mentaskóla í Reykjavík.

Í skólum ríður mjög á því, að höfð sje reglusemi í hvívetna, svo að ekki raskist nje truflist starfsemi skólans. Eru hjer á eftir taldar nokkrar þær reglur, sem nauðsynlegt þykir, að nemendur kynni sjer og hagi sjer eftir.

1. gr.

Skólahúsið er opnað á hverjum morgni kl. 8, en kenslustundir byrja kl. 8,20 og eiga þá allir nemendur að vera komnir í sæti sín, hver í sínum bekk. Kenslustundir standa vanalega til kl. 2,40 síðd. Gefa skal nemendum tómstund fyrstu tíu mínúturnar framan af 2., 3. og 4. kenslustund og síðustu tíu mínúturnar aftan af 5. kenslustund, og skulu þeir þá allir ganga úr bekkjunum og nota mínútur þessar sjer til hressingar úti undir berum himni, þegar veður er fært til þess.

Þegar hringt er til inngöngu, eiga nemendur tafarlaust að ganga stillilega hver inn í sinn bekk og setjast í sæti sín. Má enginn nemandi ganga út úr bekk sínum í kenslustund án leyfis, heldur skal hver sitja kyr í sæti sínu, þangað til stundin er úti, og hvorki hafa samræður nje gjöra neins konar óreglu. Ef svo ber við að kennari getur eigi komið í kenslustund, skulu nemendur í þeim bekk hvorki hafa umgang nje hávaða, og skal umsjónarmaður bekkjarins hafa gætur á, að eigi sje út af breytt.

Frá kl. 12—1 verður hlje á kenslunni, og skulu nemendur nota þann tíma til miðdegisverðar.

2. gr.

Allir nemendur eru skyldir að eiga eða hafa til afnota allar þær bækur, sem hafðar eru við kenslu í þeim bekk, er þeir sitja í. Bækur sínar og ritföng ber þeim að hafa til taks í hverri kenslustund.

3. gr.

Nemendur skulu fara vel með alt, sem skólinn á, en gjöri einhver sig sekan í skemdum á því, þá skal hann bæta fullum skaðabótum. Ef slíkar skemdir hafa orðið í einhverjum bekk og gangist enginn við þeim, skulu nemendur þess bekkjar bæta skaðann í fjelagi.

4. gr.

Nemendur eiga að ganga þrífalega um hús skólans, sjerstaklega skulu þeir varast að hrækja annarsstaðar en í hrákailát. Þeir mega hvorki fara með eld nje eldfim efni, nje heldur reykja eða tyggja tóbak í skólahúsunum eða á lóð skólans, og yfirleitt ekki aðhafast neitt það, sem spilt getur hollustuháttum skólans eða andrúmslofti.

75

10. okt.

5. gr.

Ef nemandi hefir næman sjúkdóm, segir lækur skólans fyrir, hvernig með skuli fara.

Ef einhver nemandi er sjúkur að morgni, svo að hann getur ekki komið í kenslustundir, skulu foreldrar hans eða húsráðandi senda skriflega tilkynningu til þess kennara, sem umsjón hefir með fjarvistum nemenda. Nemandi, sem verður sjúkur í kenslustund eða milli kenslustunda, skal biðja rektor eða kennara um heimgönguleyfi. Ef þeim þykir ástæða til, leggja þeir fyrir nemanda að sýna sig lækni og fá vottorð hjá honum.

Nú sækir nemandi ekki kenslustundir og ber fyrir sig sjúkleik, og getur þá rektor krafist þess, að læknir skólans skoði nemanda. Sker þá læknir úr, hvort sjúkleikann megi telja nægilega ástæðu fyrir nemanda til að koma ekki í skólann. Ef nemandi vanrækir kenslustundir, án þess að sjúkleik eða öðrum gildum forföllum sje um að kenna, þá varðar það áminningu rektors á kennarafundi. En ef brotið er ítrekað, verður nemanda vísað burt úr skóla.

6. gr.

Hver nemandi skal hafa einhvern þann mann að fjárhaldsmanni, sem rektor tekur gildan. Fjárhaldsmaðurinn er meðráðamaður og ráðunautur nemanda í öllum greinum, tekur við því styrktarfje, sem nemandi kann að fá og ábyrgist greiðslu þeirra gjalda, sem lögð eru eða kunna að verða á nemanda, svo og bætur fyrir skemdir, sem nemandi kann að gera sig sekan í.

7. gr.

Sjerhver nemandi skal hafa einkunnabók. Rita kennararnir í hana einkunnir hans þrisvar á ári: fyrir jólaleyfið, í marsmánuði og maímánuði og auk þess prófeinkunnir. Skal nemandi sýna einkunnabókina fjárhaldsmanni sínum í hvert skifti, sem ritað er í hana, en til sannindamerkis um það, að fjárhaldsmaður hafi sjeð bókina, skal hann í hvert skifti skrifa nafn sitt í hana. Athugasemdir um hegðun nemanda og fjarvistir verða og ritaðar í einkunnabók hans.

8. gr.

Ef nemandi, hvort sem hann er í skóla eða utan skóla, veitir eða þiggur hjálp eða notar óleyfileg hjálparmeðöl við úrlausn skriflegs verkefnis í prófi,

- 75** Þá er hann rækur frá prófinu og má ekki ganga undir sama próf fyr en að ári
10. okt. liðnu. Þó má, ef rektor og kennarar mæla með því, beita vægari refsingu, ef yfirsjónin er framin í öðru prófi en árs- eða burtfararprófi, en engan námsstyrk getur nemandinn fengið það skólaár.

9. gr.

Rektor setur umsjónarmenn úr flokki nemenda sjálfra, svo marga sem honum þykir þörf á. Skulu þeir styrkja rektor og kennarana af fremsta megni til þess að viðhalda góðri reglu.

10. gr.

Nemendur skulu í öllu sýna kennurum sínum kurteysi og hlýðni.

11. gr.

Nemendur skulu forðast að neyta áfengra drykkja, og er það bein burtreklarsök úr skóla, ef að því kveður til muna, og á skólasamkomum mega þeir alls ekki hafa áfengi um hönd.

12. gr.

Opinbera dansfundi mega nemendur ekki sækja nema með leyfi rektors, nje heldur koma opinberlega fram, án sjerstaks leyfis.

13. gr.

Enginn nemandi má fara burt úr bænum án leyfis rektors.

14. gr.

Brot gegn reglum þessum varða eftir atvikum áminningu kennara eða rektors, missi námsstyrks eða burtvísun úr skóla, sbr. 30. gr. bráðabirgðarreglugjörðar fyrir hinn almenna mentaskóla í Reykjavík 9. sept. 1904.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. oktbr. 1922.

Sig. Eggerz.

Sigf. M. Johnsen.